

DVERGUR

SAMKEPPNI; UMSÖGN MATSNEFNDAR UM EINSTAKA TILLÖGUR

Árið 2007 var farið að huga að uppbyggingu við Lækjargötu 2. Húsið sem staðið hefur þar síðan árið 1965, í litlu samræmi við umhverfi sitt á nú tíu árum seinna að víkja fyrir nýjum hugmyndum sem falla betur að tíðarandanum og þeirri byggð sem fyrir er.

Með þeirri samkeppni sem nú hefur verið haldin er horft til þess að byggt verði á reitnum íbúðarhús er falla að umhverfinu og þeirri viðkvæmu byggð sem liggur upp við Hamarinn. Kjarna sem getur stutt við miðbæinn og aukið flóru og fjölbreytni í þegar grónu hverfi.

Alls bárust fjórar tillögur sem voru ólíkar þótt þær bæru margar með sér líkan keim. Sameiginlegt eiga þær allar að byggja á baklóð við Gúttó. Var það einróma álit matsnefndarinnar að á þeim stað væri verið að taka besta stað lóðarinnar til útivistar og tengslin milli þess nýja og hinnar eldri byggðar með útisvæðinu sem teygir sig inn á milli húsanna yrði rofin.

Matsnefndinni hefur verið fyrirhugað að val á tillögu falli sem best að núverandi byggð og að svo verði áfram við gerð nýs deiliskipulags, frekar en magn bygginga. Sérstaða staðarins er hinn smágerði mælikvarði byggðarinnar, rýmin milli húsanna og þau tækifæri sem hér leynast.